

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Starfsleyfisflokkur:
Klausturbleikja ehf.	30.08.18	Teygingalæk, Skaftárhreppi	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
660290-1849	01.09.2028	Já	Landeldi, 90 tonn af bleikju

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			58,7 tonn skv. GB
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Nýr sjálfvirkur fóðrari var settur upp fyrir 1-2 árum. Engar breytingar eru ætlaðar á næstunni.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		X		Afföll handskrifað og aðrar skráningar í Excel. Einungis skráningar um afföll voru aðgengilegar eftirlitsaðilum í stöðinni sjálfri.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		Sent með grænu bókhaldi 1.júní en ekki fullnægjandi upplýsingar.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?		X		Sent 1. júní. Skráningum ábótavant í GB.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Viðbragðsáætlanir v/ bráðamengunar, tímabundinnar og ótímabundinnar stöðvunnar voru aðgengilegar í eftirlitinu.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?			X	Á ekki við
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Í lagi.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Bárust 16.1.18. Bæklingur um (mælanleg) umhverfismarkmið kynntur í eftirliti.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Sjálfvirk fóðrun sem fyllt er á 1-2 sinnum í viku.
Er skráning á losun fósfors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X	X		Já, seinasta mæling 7.12.17 Útreikningar á losun á framleitt tonn vantaði, en út frá rennlistölum og lífmassa í GB reiknaði eftirlitsaðili út losun P, sem 19,3 kg/framleitt tonn sem er yfir viðmiðunargildi sem er 7kg/framleitt tonn.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	X			Í lagi, lítilsháttar set er sjáanlegt.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síjun, settjörn, tromlur, oph. Leið frárennslis frá keri að viðtaka.	X			Frárennslis frá öllum kerjum rennur í skurð, u.þ.b. 25 metar, að settjörn og svo út í ferskvatnsá. Engin sigti eru á frárennslisrörum til að hindra slysasleppingu. Sigti frá settjörn í viðtaka nær ekki yfir allan farveg vatnsins.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Ferskvatnsá, sjá ofar.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	X			Mælt með frárennsli 7.12.17. Svifagnir < 2 mg/mL COD < 3 mg/L Reikninga á heildarlosun í viðtaka vantaði.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Plast undan fódri og annar almennur úrgangur vegna starfsmanna er losaður 1-2 sinnum í viku. Dauðfiskur er urðaður á urðunarstað Skaftárhrepps.
Er umhverfissvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			Í lagi.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfissvöktunar.	X			Mælingum skilað en nauðsynlegum útreikningum ábótavant.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Næstu mælingar eru áætlaðar 2019. Rekstraraðili tekur sýni, við inntak, frárennsli og viðtaka og sendir til Sýni ehf. til mælinga.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Þrjú frávik frá starfsleyfi komu fram við eftirlit er varða skráningar, mælingar og starfshætti. Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

Samantekt:

Búið er að bregðast við frávikum seinasta eftirlits, gr. 3.3 um mælingar í frárennsli og viðtaka og gr. 4.1 um umhverfismarkmið.
Snyrtilegt er á svæðinu og umgengni góð.
Frávik er frá grein 2.4 í starfsleyfi þar sem losun fosfórs milli inntaks vatns og viðtaka er yfir losunarmörkum.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

	<p>Frávik komu fram í eftirlitinu frá gr. 3.5 og 3.6 í starfsleyfi er varðar að ársskýrsla og grænt bókhald bárust of seint og skráningum þar að lútandi er ábótavant (sjá gr. 3.1).</p> <p>Frávik kom fram er varðar umfang starfseminnar, gr. 1.2 í starfsleyfi, þar sem leyfið nær ekki til slátrunar en fiski er slátrað í kerjum og hann fluttur dauður á vinnslustöð á Kirkjubæjarklaustri.</p> <p>Rekstraraðila er bent á að halda skrá yfir úrgang og ráðstöfun hans skv. grein 3.1 í starfsleyfi, þar sem misræmis gætir í grænu bókhaldi milli greina 4.6 og 6.8.</p> <p>Einnig er athygli rekstraraðila vakin á því að skila þarf mæliniðurstöðum á nitri og fosfór í frárennsli og viðtaka á uppreiknuðu formi, sem losun í kg á framleitt tonn.</p>
Annað	<p>Rekstraraðila var bent á að fylgjast með uppsöfnun sets í frárennisskurði og settjörn.</p> <p>Rekstraraðila var einnig bent á að fá kvittanir fyrir urðun dauðfisks.</p> <p>Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.</p>

Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Klausturbleikja Skaftárhreppi.



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	30.8.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Klausturbleikja	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Klausturvegi 5	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	660290-1849	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Anna Buda	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	556946,066 598602,647

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik frá starfsleyfi komu fram við eftirlit: Frá grein 2.4 þar sem að losun fosfórs er yfir hámarksmörkum, frá greinum 3.5 og 3.6 er varðar skilatíma ársskýslu og græns bókhalds og frá grein 1.2 er varðar umfang starfsseminnar.

Þrjár ábendingar voru gerðar: Varðandi skil á mæliniðurstöðum á losun niturs og fosfórs í viðtaka, skráningu úrgangs og ráðstöfunar hans og uppsöfnun sets í settjörn.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit var framkvæmt af Umhverfisstofnun og vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 2.4 í starfsleyfi	Losun fosfórs milli inntaks vatns og viðtaka er yfir losunarmörkum.
gr. 3.5 í starfsleyfi	Ársyfirlit barst ekki fyrir 1. maí og skráningum var ábótavant, sbr. gr. 3.1.
gr. 3.6 í starfsleyfi	Grænt bókhald barst ekki fyrir 1. maí og skráningum er ábótavant: Gildistími starfsleyfisins er vitlaust skráður. Skv. lið 6.8 í GB fer dauðfiskur í dýrafóður en samkvæmt lið 4.6 er hann urðaður.
gr. 1.2 í starfsleyfi	Slátrað er í eldiskerjum og fiskur fluttur dauður í vinnslu á Kirkjubæjarklaustri. Starfsleyfið nær einungis til fiskeldis, ekki slátrunar.

ÁBENDINGAR

Athygli rekstraraðila er vakin á því að skila þarf mæliniðurstöðum á nitri og fosfór í frárennsli og viðtaka á uppreiknuðu formi, sem losun í kg á framleitt tonn.

Rekstraraðila er bent á að halda skrá yfir úrgang og ráðstöfun hans skv. grein 3.1 í starfsleyfi, þar sem misræmis gætir í grænu bókhaldi milli greina 4.6 og 6.8.

Rekstraraðila er bent á að fylgjast með uppsöfnun sets í frárennisskurði og settjörn.

ANNAÐ

Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

Rekstraraðila var einnig bent á að fá kvittanir fyrir urðun dauðfisks.

17.10.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Hulda Soffía Jónasdóttir